



Dalabyggð
Miðbraut 11
370 Búðardalur

Borgarnes 23. mars 2022
Málsnúmer: 2202090

Efni: **Breiðabólstaður 2** – skipulagslýsing.

Varðar umsögn um breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 sbr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti fyrir sitt leyti skipulags- og matslýsingu að breytingu aðalskipulags fyrir Breiðabólstað 2 í Borgarbyggð til auglýsingar á fundi sínum nr. 224 þann 10. febrúar 2022.

Fyrirhugað er að breyta landnotkun svæðis í landi Breiðabólstaðar úr landbúnaðarlandi (L) og athafnasvæði (A1) í íbúðarsvæði (Í4). Breytingin á við um 30,5 ha svæðis og mun þéttbýlissvæði Reykholtstækka sem um þessu nemur. Stefnt er að því að á svæðinu verði 85-100 einbýlis-, par- og raðhúsalóðir auk einnar lóðar fyrir verslun og þjónustu (S2) á þegar skilgreindum reit á aðalskipulagi. Aðkoma er um Hálsasveitarveg (518).

Skipulagslýsingin var auglýst í Skessuhorni og Fréttablaðinu 23. mars 2022. Þá liggur skipulagslýsing fyrir til kynningar í Ráðhúsi Borgarbyggðar. Skipulagsauglýsingin er aðgengileg á heimasíðu Borgarbyggðar www.borgarbyggd.is

Óskað er umsagnar skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Umsagnafrestur er til og með 10. apríl 2022.

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar veitir fúslega nánari upplýsingar verði þess óskað. Hægt er að senda tölvupóst á skipulag@borgarbyggd.is, einnig er velkomið að hringja í síma 433 7100.

Meðfylgjandi:

Skipulags- og matslýsing dags. 09.03.2022

Virðingarfyllst,

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar